



Eftirlitsskýrsla

Áburðareftirlit 2010

Niðurstöður áburðaeftirlits (desember 2010)
Valgeir Bjarnason



EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd áburðareftirlits.....	3
1. Inngangur	3
2. Áburðareftirlit	3
3. Sýnataka	3
4. Leyfð vikmörk	3
II. Fóðurblandan	4
1. Skráður áburður hjá Fóðurblöndunni.	4
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	4
2.1. Fjöl móði 2	4
2.2. Fjöl móði 3	4
2.3. Fjöl móði 3b	5
2.4. Fjölgræðir 5.....	5
2.5. Fjölgræðir 6.....	5
2.6. Fjölgræðir 7.....	6
2.7. Fjölgræðir 9b.....	6
2.8. Græðir 1.....	6
2.9. Græðir 8.....	7
2.10. Græðir 9.....	7
2.11. Magni 1	8
III. Skeljungur.....	9
1. Skráður áburður hjá Skeljungu.....	9
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	9
2.1. Sprettur 27N	9
2.2. Sprettur 25-5.....	9
2.3. Sprettur 26-13.....	10
2.4. Sprettur 27-6-6.....	10
2.5. Sprettur 22-7-6.....	10
2.6. Sprettur 20-12-8.....	10
2.7. Sprettur 20-12-8+Se	11
2.8. Sprettur 20-10-10.....	12
2.9. Sprettur 20-5-13+Avail.....	13
2.10. Sprettur 16-15-12.....	13
2.11. Sprettur 16-10-18+Avail.....	14
2.12. Sprettur 12-10-21+Avail.....	14
IV. Sláturfélag Suðurlands.....	15
1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands.....	15
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	15
2.1. Opti Kas	15
2.2. Opti NS	16
2.3. Kalksaltpétur	16
2.4. NP 25-6.....	16
2.5. NPK 24-4-7	17
2.6. NPK 21-4-10	17
2.7. Fullgjödsel 21-3-8	17
2.8. NPK 19-4-12	18
2.9. NPK 12-4-18.....	18
V. Búvís ehf.	20
1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.	20
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	20
2.1. Kraftur EU	20
2.2. Kraftur EU+S.....	20
2.3. Bætir 10	21



2.4. Völlur 9.....	21
2.5. Völlur 7.....	21
VI. Gróðurvörur - Garðheimar.....	23
1. Skráður áburður hjá Gróðurvörum ehf.	23
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	23
2.1. Þrífosfat.....	23
VII. Innfluttur áburður á árinu.....	24
1. ASIS	24
2. Bergdal ehf.	24
3. Bu.is	25
4. Búvís ehf	25
5. Fóðurblandan hf.	25
6. Frjó Quatro ehf.	26
7. Frjóangi ehf	26
8. Grastec ehf.....	27
9. Gróðurvörur ehf.....	27
10. Green Falcon ehf.	28
11. Grænn Markaður ehf.....	28
12. Innigarðar ehf.	29
13. Íslensk tækni ehf	29
14. Kaupfélag Skagfirðinga	30
15. Landstólpi ehf.....	30
16. Lifa ehf.....	30
17. Lífland.....	30
18. MHG ehf.	31
19. Nathan & Olsen hf.	31
20. Novum ehf.	31
21. NPK ehf	31
22. Samasem ehf.	32
23. Skeljungur hf.	32
24. Sláturfélag Suðurlands svf.	33
VIII. Innlend áburðarframleiðsla	34
1. Innlend áburðarframleiðsla.....	34
1.1. Förgun ehf.....	34
1.2. Guðjón D Gunnarsson	34
1.3. Íslenska Gámafélagið	34
1.4. Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.....	34
1.5. Skinney – Þinganes	34
1.6. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	34
1.7. Spretta ehf.	34
1.8. Ylfur ehf.....	34
1.9. Þórduna ehf.	35
1.10. Þörungaverksmiðjan	35
IX. Athugasemdir frá fyrirtækjum.....	36
1. Athugasemdir Sláturfélags Suðurlands svf.....	37

I. Framkvæmd áburðareftirlits

1. Inngangur

Um áburð og eftirlit með ólífrænum áburði gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, sáðvöru og fóðri og reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð, sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2003/2003 um áburð og gildir því um merktan EB-áburð og reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem gildir um áburð sem ekki er merktur EB-áburður. Um birtingu niðurstaðna áburðareftirlits gildir reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna eftirlits með áburði. Samkvæmt henni ber Matvælastofnun að birta á heimasíðu sinni niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Hverju fyrirtæki verður gefinn kostur á að andmæla niðurstöðum stofnunarinnar og verða andmælin birt í viðauka við eftirlitsskýrsluna. Því verða niðurstöður eftirlits þessa árs birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

2. Áburðareftirlit

Allan áburð sem settur er á markað héraðs ber að skrá hjá Matvælastofnun. Það á bæði við um áburð sem er fluttur inn og þann sem er framleiddur héraðs, hvort sem áburðurinn er ólífrænn eða lífrænn. Undantekning frá þessari reglu er húsdýraáburður sem notaður er innan býlis. Innflytjendur og framleiðendur áburðar verða því að láta skrá þær tegundir áburðar sem ætlunin er að setja á markað.

3. Sýnataka

Sýni af ólífræna áburðinum eru tekin með þar til gerðu sýnatökuspjóti. Úr fjölkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 40 sekkjum (40/1), en úr einkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 8 sekkjum (8/1), þar sem hver spjótstunga er talin eitt hlutasýni. Sýnatökusekkir voru valdir af handahófi á hverjum sýnatökustað. Þannig mynduðu hlutasýnin safnsýni, sem var smækkað og að lokum skipt í 4 lokasýni, 500 - 1000 g hvert. Við smækkun og skiptingu sýnanna var notaður sýnadeilir, sem bæði blandar og skiptir sýnunum. Til að tryggja sem besta blöndun eru sýnin blönduð tvisvar með sýnadeilinum. Matvælastofnun sendi svo fljótt sem verða mátti eitt lokasýni í efnagreiningu hjá LUFÁ í Þýskalandi, eitt lokasýni fékk fyrirtækið, en tvö lokasýni eru í vörslu Matvælastofnunar til frekari efnagreininga ef þurfa þykir.

Til viðbótar sýnatöku er litið á áferð áburðarins t.d. hvort hann er kekkjóttur og mun á litbrigðum auk þess sem merkingar áburðarins eru skoðaðar og gerðar athugasemdir eftir því sem við á.

4. Leyfð viktörk

Reglur um leyfð viktörk næringarefna í áburði eru í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og II viðauka EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð sem var innleidd með reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð. Leyfð viktörk skilgreina hve mikið mælt innihald næringarefna í áburði má víkja frá skráðu innihaldi þeirra. Við setningu vikmarkanna var tekið tillit til skekkju vegna sýnatöku og mælingaaðferða. Ekki er sett hámark á innihald einstakra næringarefna í áburðinum, en viktörkin eru því neikvæð gildi, þ.e. hve mikið mælt innihald næringarefna má vera lægra en skráð gildi. Aftast í töflunum um efnagreiningar á hverri áburðartegund eru leyfð viktörk gefin upp fyrir hvert næringarefni, eða fyrir áburðartegundina.

II. Fóðurblandan

1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni.

Fóðurblandan hefur 34 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Auk þeirra eru á skrá 2 tegundir köfnunarefnisbindandi baktería fyrir ertur og smára. Árið 2010 voru 8 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru 11 áburðartegundir sem Fóðurblandan flytur inn teknar til skoðunar. Þessar tegundir eru allar fluttar inn í nokkru magni og því mikilvægt að fylgst sé með gæðum þeirra. Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að samræmi er á milli skráðra gilda næringarefna og mældra. Engin næringarefni greindust neðan við leyfð vikiörk. Kadmíum mældist yfirleitt ekki nema í Græði 1, en þar var það undir leyfðu hámarki. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við merkingar nokkurra áburðartegunda, Græðir 1 var með ófullnægjandi merkingu, Fjölmóði 3b var sömu leiðis með ófullnægjandi merkingu. Græðir 9 og Magni 1 voru merktir sem EB-áburður, en ekki skráðir sem slíkir. Merkingar voru afmáðar af nokkrum sekkjum af Fjölgræði 5, Fjölgræði 7 og Fjölgræði 9b.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Fjölmóði 2

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður

Tafla 1 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	23,00	22,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,20	6,00	0,80	-0,48
Kalsíum (Ca)	4,60	5,52	0,92	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist ekki í sýninu. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

EKKI eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.2. Fjölmóði 3

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 2 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,71	0,51	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	6,18	0,78	-0,64
Brennisteinn (S)	2,00	2,56	0,56	-0,36

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. EKKI eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.3. Fjöl móði 3b

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 34 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 3 Niðurstöður efnagreininga af Fjöl móða 3b

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,40	-0,60	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,66	0,46	-0,48
Kalsíum (Ca)	7,30	8,77	1,47	-0,64

Kadmíum (Cd) var ekki í mælanlegu magni í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Áburðurinn var í ómerktum sekkjum, nema á þeim stóð 25-5 (b), hann bar heldur ekki merki um EB-áburð og má því ekki vera skilgreindur sem slíkur. Gerð er athugasemd við fyrirtækið vegna þessa og farið fram á úrbætur varðandi merkingar áburðarins.

2.4. Fjölgræði 5

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 4 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	17,00	16,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	6,60	6,97	0,37	-0,48
Kalíum (K)	10,00	11,10	1,10	-0,91

Kadmíum (Cd) var ekki í mælanlegu magni í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Merkingar voru afmáðar af nokkrum sekkjum og er gerð athugasemd við það, en ekki er gerð athugasemd við áferð áburðarins.

2.5. Fjölgræði 6

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 5. Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	22	21,5	-0,5	-1,1
Fosfór (P)	4,8	5,36	0,56	-0,48
Kalíum (K)	9,2	9,09	-0,11	-0,91

Kadmíum (Cd) var ekki í mælanlegu magni í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.6. Fjölgræðir 7

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 25 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 6 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	6,10	5,90	-0,20	-0,48
Kalíum (K)	7,50	7,75	0,25	-0,91

Kadmíum (Cd) var ekki í mælanlegu magni í áburðinum. Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Merkingar voru afmáðar af nokkrum sekkjum og er gerð athugasemd við það, en ekki er gerð athugasemd við áferð áburðarins.

2.7. Fjölgræðir 9b

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 7 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 9b

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,10	-0,90	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,85	-0,05	-0,48
Kalíum (K)	6,60	6,95	0,35	-0,91

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Merkingar voru afmáðar af nokkrum sekkjum og er gerð athugasemd við það, en ekki er gerð athugasemd við áferð áburðarins.

2.8. Græðir 1

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og ekki merktur EB-áburður.


Tafla 8 Niðurstöður efnagreininga af Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	12,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,00	5,50	0,50	-0,48
Kalíum (K)	14,00	14,50	0,50	-0,91
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20
Brennisteinn (S)	8,00	9,24	1,24	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 33 mg/kg P í áburðinum, það má mest vera 50 mg/kg P. Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum. Summa neikvæðra frávíka var yfir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar voru á bláum miðum í plastvösum, þær voru á ensku og ekki hægt að greina vörulýsingu á áburðinum. Merkingarnar eiga að vera á íslensku. Er vísað ákvæða í greinum 9, 10 og 11 í EB-reglugerð 2003/2003 um áburð, en merkingar áburðarins eru brot á þeim ákvæðum. Því eru gerðar

alvarlegar athugasemdir við merkingu áburðarins og fyrirtækið minnt á að þær eru brot á reglum um merkingar á áburði samkvæmt gildandi reglugerðum.



Mynd 1 Ófullnægjandi merking á græði 1

2.9. Græðir 8

Sýni var tekið 8. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 9 Niðurstöður efnagreininga af Græði 8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,60	0,60	
Fosfór (P)	3,10	3,10	0,00	
Kalíum (K)	10,00	9,55	-0,45	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,54	-1,20

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum. Summa neikvæðra frávíka er yfir vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins voru samkvæmt reglum og áferð áburðarins var sömuleiðis í lagi.

2.10. Græðir 9

Sýni var tekið 7. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 10 Niðurstöður efnagreininga af Græði 9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,20	-0,80	
Fosfór (P)	2,60	2,65	0,05	
Kalíum (K)	5,00	5,13	0,13	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,80	-1,20

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikiörkum. Summa neikvæðra frávíka er yfir vikiörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainihald áburðarins.

Áburðurinn er merktur sem EB-áburður, en ekki skráður sem slíkur og er gerð athugasemd við þá merkingu hans, einnig voru merkingar ógreinilegar. Áferð áburðarins var í lagi.

2.11. Magni 1

Sýni var tekið 8. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna köfnunarefnisáburður og merktur EB-áburður.

Tafla 11 Niðurstöður efnagreininga af Magna 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,70	-0,30	-0,40
Kalsíum (Ca)	8,00	9,47	1,47	-0,64

Hvorugt næringarefnið mældist undir leyfðum vikiörkum. Áburðurinn er merktur sem EB-áburður, en ekki skráður sem slíkur og er gerð athugasemd við þá merkingu hans, einnig voru merkingar ógreinilegar. Áferð áburðarins var í lagi.

III. Skeljungur

1. Skráður áburður hjá Skeljungu.

Skeljungur hefur 35 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnun. Árið 2010 og í árslok 2009 voru 8 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru 12 áburðartegundir sem Skeljungur flytur inn teknar til skoðunar. Þessar tegundir eru allar fluttar inn í nokkru magni og því mikilvægt að fylgst sé með gæðum þeirra. Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að samræmi er á milli skráðra gilda næringarefna og mældra. Engin næringarefni greindust neðan við leyfð vikmörk. Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt í áburðinum. Gerðar eru athugasemdir við merkingar á áburðartegundunum Sprettur 20-10-10 og 20-12-8+Se, þar sem upplýsingar á merkimiðunum voru ófullnægjandi og afmáanlegar. Merkimiðarnir voru álímdir og gátu því fallið af sekkjunum. Þessi merkingagalli á við um fleiri áburðartegundir og var bundinn við eina sendingu. Þá eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins Sprettur 12-10-21+Avail, en þar var einungis skrifað með tússpenna á sekkina heiti áburðarins, aðrar upplýsingar vantaði.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Sprettur 27N

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður og merktur EB-áburður

Tafla 12 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27N

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,80	-0,20	-0,40
Kalsíum (Ca)	4,30	4,80	0,50	-0,64

Hvorugt næringarefnið mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar, en vart var við kekki í sumum sekkjum.

2.2. Sprettur 25-5

Sýni var tekið 19. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er tvígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður.

Tafla 13 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,23	0,03	-0,48

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Hvorugt næringarefnið mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Litamunur var á áburðinum milli sekkja, sem var vegna litamunar á köfnunarefniskornunum í áburðinum.

2.3. Sprettur 26-13

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er tvígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður.

Tafla 14 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,60	-0,10	-0,48

Hvorugt næringarefnið mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.4. Sprettur 27-6-6

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 15 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27-6-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,20	-0,80	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,32	-0,28	-0,48
Kalí (K)	5,00	6,33	1,33	-0,91

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.5. Sprettur 22-7-6

Sýni var tekið 19. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 16 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,30	0,30	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,07	-0,03	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,27	0,27	-0,91
Brennisteinn (S)	2,6	3,55	0,95	-0,36

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.6. Sprettur 20-12-8

Sýni var tekið 19. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 17 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,17	-0,03	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,76	0,16	-0,91

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.7. Sprettur 20-12-8+Se

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna selenbættur áburður, en EB-merkingu vantar.

Tafla 18 Niðurstöður efnagreininga fyrir Sprett 20-12-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,83	-0,37	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,98	0,38	-0,91
Brennisteinn (S)	2,5	2,65	0,15	-0,36

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við áferð áburðarins. Merkingu áburðarins var mjög ábótavant, en merkingar voru á límmiðum á ensku og reyndust þær í mörgum tilfellum vera máðar og illlæsilegar. Ekki var áburðurinn merktur sem selenbættur og ekki heldur EB merktur. Merkingarnar eiga að vera á íslensku. Er vísað ákvæða í greinum 9, 10 og 11 í EB-reglugerð 2003/2003 um áburð, en merkingar áburðarins eru brot á þeim ákvæðum.



Mynd 2 Ófullnægjandi merking á áburðinum Sprettur 20-12-8+Se, vantar upplýsingar um innihald hreinna efna, upplýsingar um seleninnihald og að áburðurinn sé EB-áburður, einnig máðust merkingarnar auðveldlega af svo ekki er unnt að greina áburðartegundina.

2.8. Sprettur 20-10-10


Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður, en EB-merkingu vantar.

Tafla 19 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,53	0,13	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,90	0,60	-0,91
Brennisteinn (S)	2,5	2,65	0,15	-0,36

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

EKKI eru gerðar athugasemdir við áferð áburðarins. Merkingu áburðarins var mjög ábótavant, en merkingar voru á límmiðum á ensku og reyndust þær í mörgum tilfellum vera máðar og illlæsilegar. Áburðurinn var ekki EB merktur. Merkingarnar eiga að vera á íslensku. Er vísað ákvæða í greinum 9, 10 og 11 í EB-reglugerð 2003/2003 um áburð, en merkingar áburðarins eru brot á þeim ákvæðum.



Mynd 3 Ófullnægjandi merking á Spretti 20-10-10, vantar upplýsingar um innihald hreinna efna, og að áburðurinn sé EB-áburður, einnig máðust merkingarnar auðveldlega af svo ekki er unnt að greina áburðartegundina.

2.9. Sprettur 20-5-13+Avail

Sýni var tekið 19. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 20 Niðurstöður efnagreining af Spretti 20-5-13+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,30	0,10	-0,48
Kalí (K)	10,80	11,10	0,30	-0,91

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.10. Sprettur 16-15-12

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 21 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 16-15-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	15,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	6,50	6,48	-0,02	-0,48
Kalí (K)	10,00	11,00	1,00	-0,91

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

2.11. Sprettur 16-10-18+Avail

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 32 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 22 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 16-10-18+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	16,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	4,30	3,91	-0,39	-0,48
Kalí (K)	14,90	16,60	1,70	-0,91

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar en áburðurinn var þéttur í sér.

2.12. Sprettur 12-10-21+Avail

Sýni var tekið 21. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 32 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 23 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 12-10-21+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	12,30	0,30	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,31	-0,09	-0,48
Kalí (K)	17,40	17,00	-0,40	-0,91
Brennisteinn (S)	8	7,72	-0,28	-0,36

Kadmíum (Cd) var vart mælanlegt. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Athugasemdir eru gerðar við ófullnægjandi merkingar áburðarsekkjanna, en á þá var aðeins skrifað með tússpenna 12-10-21+20SO₃+AV.

IV. Sláturfélag Suðurlands

1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Sláturfélag Suðurlands hefur 44 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Árið 2010 voru 4 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru 9 áburðartegundir sem Sláturfélag Suðurlands flytur inn teknar til skoðunar. Þessar tegundir eru allar fluttar inn í nokkru magni og því mikilvægt að fylgst sé með gæðum þeirra.

Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að köfnunarefni (N) í kalksaltpétri reyndist vera undir leyfðum vikmörkum eða -1,0, en samkvæmt ákvæðum í 5. Viðauka reglugerðar 398/1995 má það ekki víkja meira frá skráðu gildi en - 0,4% af þunga. Efnainnihald annarra áburðartegunda reyndist vera innan vikmarka.

Merkingar áburðartegundanna Opti Kas, Opti NS og Fullgjödsel 21-3-8 eru á Norsku. Fyrirtækið er minnt á fjórðu málsgrein 13. gr. reglugerðar nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni, en hún er svo hljóðandi:

„Merkingar og texti á hugsanlegum fylgiseðlum eiga að vera á íslensku. Ef merking á umbúðum er ekki á íslensku skal tryggja kaupanda tilsvareandi upplýsingar á fylgiseðli á íslensku. Fylgiseðlar með lausri vöru skulu alltaf vera á íslensku“.

Einnig voru merkingar áburðartegundanna í sumum tilfellum máðar og illlæsilegar það á sérstaklega við um áburðartegundina Fullgjödsel 21-3-8. Fyrirtækið er minnt á fyrstu og aðra málsgrein 13. gr. reglugerðar nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni, en þær eru svo hljóðandi:

„Miðar eða umbúðarmerkingar með tilskyldum vörulýsingum sbr. 12. gr. verða að sjást vel. Merkimiða verður að festa með lokunarbúnaði umbúða. Ef lokunarbúnaðurinn er innsigli verður það að vera á einhlítan hátt merkt framleiðanda, innflytjanda eða þeim sem ábyrgð hefur skv. f-lið 12. gr.

Vörulýsingu má ekki vera hægt að afmá og hún verður að vera vel læsileg“.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Opti Kas

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 24 Niðurstöður efnagreininga af Opti-Kas

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,50	-0,50	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,00	5,17	0,17	-0,64
Magnesíum (Mg)	2,40	2,96	0,56	-0,55

Ekkert næringarefni mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins eru á norsku og er gerð athugasemd við það.

2.2. Opti NS

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður með brennisteini og ekki merktur EB-áburður

Tafla 25 Niðurstöður efnagreininga af Opti-NS

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,50	-0,50	-0,80
Kalsíum (Ca)	6,00	7,06	1,06	-0,64
Brennisteinn (S)	3,70	4,25	0,55	-0,36

Ekkert næringarefni mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins eru á norsku og er gerð athugasemd við það.

2.3. Kalksaltpétur

Sýni var tekið 12. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður með kalki og ekki merktur EB-áburður

Tafla 26 Niðurstöður efnagreininga af Kalksaltpétri

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	15,50	14,50	-1,00	-0,40
Kalsíum (Ca)	18,80	21,90	3,10	-0,64

Köfnunarefni (N) í áburðinum mældist undir leyfðum vikmörkum og eru gerðar athugasemdir við það.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.4. NP 25-6

Sýni var tekið 12. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna tvígildur köfnunarefnis- og fosfóráburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 27 Niðurstöður efnagreininga af NP 25-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,40	25,30	-0,10	
Fosfór (P)	5,50	5,90	0,40	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43)			-0,10	-0,80

Kadmíum (Cd) mældist 9 mg/kg fosfórs, er það vel neðan við leyfð mörk. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Vegna framleiðslugalla í áburðinum voru merkingar ekki í samræmi við innihald áburðarins, þar sem hann átti að vera NP 26-6. Fyrirtækið leysti málið með því að upplýsa kaupendur um gallann og merkti sekkina með tússi 25-6, eru því ekki gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.5. NPK 24-4-7

Sýni var tekið 10. maí 2010 á Akureyri úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 28 Niðurstöður efnagreininga af NPK 24-4-7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,00	23,30	-0,70	
Fosfór (P)	3,90	4,05	0,05	
Kalí (K)	6,60	6,61	0,01	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,70	-1,20

Kadmíum (Cd) mældist 24 mg/kg fosfórs, er það vel neðan við leyfð mörk. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

2.6. NPK 21-4-10

Sýni var tekið 12. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 29 Niðurstöður efnagreininga af NPK 21-4-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,60	20,50	-0,10	
Fosfór (P)	3,60	4,00	0,40	
Kalí (K)	9,60	10,00	0,40	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,10	-1,20
Brennisteinn (S)	2,70	2,70	0,00	-0,36

Kadmíum (Cd) var ekki mælt. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.7. Fullgjödsel 21-3-8

Sýni var tekið 7. maí 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 30 Niðurstöður efnagreininga á Fullgjödsel 21-3-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	21,00	21,00	0,00	
Fosfór (P)	2,60	2,69	0,09	
Kalí (K)	8,30	9,20	0,90	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20
Brennisteinn (S)	3,60	3,80	0,20	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 8,3 mg/kg fosfórs, er það vel neðan við leyfð mörk. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins eru á Norsku, auk þess voru þær máðar og illæsilegar og er gerð athugasemd við það.

2.8. NPK 19-4-12

Sýni var tekið 12. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna þrigildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 31 Niðurstöður efnagreininga af NPK 19-4-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	18,60	19,20	0,60	
Fosfór (P)	3,80	3,70	-0,10	
Kalí (K)	12,30	12,40	0,10	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,23	-1,20

Kadmíum (Cd) var ekki mælt í þessum áburði. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.9. NPK 12-4-18

Sýni var tekið 12. apríl 2010 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna þrigildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 32 Niðurstöður efnagreininga af NPK 12-4-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	11,80	11,40	-0,40	
Fosfór (P)	4,00	4,07	0,07	
Kalí (K)	17,60	18,70	1,10	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,40	-1,20
Brennisteinn (S)	9,50	9,96	0,46	-0,36
Magnesíum (Mg)	2,4	2,96	0,56	-0,55

Kadmíum (Cd) mældist var ekki mælanlegt í sýninu. Summa neikvæðra frávíka mældist ekki undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins eru að mestu góðar, en hlutfall þrífosfats (P_2O_5) er samkvæmt merkingu 2,3%, en slíkt stenst ekki þegar hreinn fosfór (P) er 4,0%, sjá meðfylgjandi mynd.



Mynd 4 Röng merking á áburðarsekk, fosfór (P₂O₅) er samkvæmt þessu 2,3%



V. Búvís ehf.

